

33. gr.

Á vetrum ber eigendum og umráðamönnum stórgripa skylda til að sjá um að þeir gangi ekki í heimalönd annarra og eru þeir ábyrgir fyrir tjóni og kostnaði er af því kann að leiða, eftir mati tveggja manna er hreppstjóri eða annar fulltrúi sýslumanns tilnefnir.

34. gr.

Gangi stórgripir af utanhéraðsafréttum á afréttir eða heimalönd fjallskilasvæðisins, getur sveitarstjórn sú sem hlut á að máli, kært það til oddvita héraðsnefndar. Ber honum þá að leita samninga við viðkomandi héraðsnefnd um að áganginum verið aflétt.

35. gr.

Sveitarstjórnnum ber að láta smala öllum stórgripum af afréttum og heimalöndum til rétta fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Skulu þeir dregnir þar í sundur. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir. Með óskilagripi sem þá koma fyrir, skal fara með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

36. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi sveitarstjórna út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja þess háttar mál fyrir héraðsnefnd og fengið úrskurð hennar.

37. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

38. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil, o.fl., öðlast þegar gildi. Samþykkt þessa hefur héraðsnefnd Eyjafjarðar samið og samþykkt skv. I. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 235/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 29b, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2001 breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar“ vegna Austurgötu 29b, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur hússins er stækkaður um 8 m² og heimilt verður að hækka þak hússins.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.
Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 12. júní 2002.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Anna M. Tómasdóttir arkitekt.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Bleikjukvísl nr. 10.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar Bleikjukvísl 10 þar sem svæði sem nú er skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

vegna útgáfu hestavegabréfa fyrir útflutningshross.

1. gr.

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir hross með A-vottun á ætterni: kr. 3.900

Gjald vegna hestavegabréfs fyrir önnur hross: kr. 4.600

2. gr.

Gögn vegna útgáfu hestavegabréfa skulu hafa borist skrifstofu Bændasamtaka Íslands eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir útflutning.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2002 um útflutning hrossa og öðlast gildi 1. júlí 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2002.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.